

Sp.

218. Nefndarálit

[1. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1974.

Frá 1. minni hl. fjárveitinganefndar.

Fjárlagafrumvarpið fyrir árið 1974 er þriðja fjárlagafrumvarpið, sem núv. ríkisstj. leggur fram. Öll þessi þrjú fjárlagafrv. eiga það sameiginlegt, að í þeim endurspeglast sú verðbólguþefna, sem verið hefur allsráðandi á valdatímabili þessarar ríkisstjórnar.

Í fjárlögum fyrir árið 1971, sem voru síðustu fjárlög fyrrv. ríkisstjórnar, voru tekjur áætlaðar 11 milljarðar 54.7 millj. kr., en gjöld 11 milljarðar 23.3 millj. kr. Greiðsluafgangur það ár var áætlaður 270.4 millj. kr. Á fjárlögum 1972, fyrstu fjárlögum núv. ríkisstj., voru tekjur áætlaðar 16 milljarðar 898.8 millj. kr., en gjöld 16 milljarðar 549.5 millj. kr. Greiðsluafgangur var þá áætlaður 87.5 millj. kr. Á fjárlögum yfirstandandi árs eru tekjur áætlaðar 21 milljarðar 970.3 millj. kr. og gjöld 21 milljarður 457.2 millj. kr. Greiðsluafgangur er áætlaður 24.4 millj. kr.

Fjárlagafrv. fyrir árið 1974 gerir ráð fyrir, að tekjur verði 27 milljarðar 343.4 millj. kr. og gjöld 27 milljarðar 437.3 millj. kr. Greiðsluafgangur er áætlaður 103.7 millj. kr.

Gjaldahlið fjárlaga, frá því að þessi ríkisstj. tók við, hefur því hækkað sem hér segir: 1971—1972 um 5 526.2 millj. kr. eða 50.13%. 1972—1973 um 4 907.7 millj. kr. eða 29.65%. Útgjaldaaukning frá síðasta fjárlagafrv. er áætluð 5 980.1 millj. kr.,

og nú við 2. umr. liggja fyrir brtt. frá fjv. til hækkunar á gjöldum að upphæð 648 407 millj. kr. Hækkun gjalda nemur því 6 628.5 millj. kr. frá fjárlögum yfirstandandi árs. Skylt er að geta þess, að hluta þeirra gjalda, sem áður hafa verið á framkvæmdaáætlun, er nú bætt við rekstrarútgjöldin, en þar er um 690 millj. kr. að ræða.

Hins vegar er sjáanlegt, að við 3. umr. eiga fjárl. eftir að hækka stórkostlega frá því, sem þau nú liggja fyrir. Lífeyristryggingar og sjúkratryggingar eiga eftir að hækka um nokkur hundruð millj. kr. frá fjárlfrv. Launaliðir fjárlagafrv. eiga eftir að hækka, því að þeir eru í A-hluta frv. miðaðir við vísitölu septembermánaðar. Heildarlaun í A-hluta frv. nema 5 809.6 millj. kr., en miðað við kaupgreiðsluvísitölu 1. desember, 149.89 stig. hækka launin á næsta ári um 430 millj. kr. Í B-hluta frv. eru launaliðir ýmist miðaðir við kaupgreiðsluvísitölu eins og hún var í marsmánuði eða í septembermánuði. Ef launaliðir í B-hluta frv. eru miðaðir við gildandi kaupgreiðsluvísitölu, þurfa launin í þessum hluta fjárlfrv. að hækka um 560 millj. kr., en heildarlaun í B-hluta nema 3 602 millj. kr. Þá er vitað, að samningar við opinbera starfsmenn koma til með að auka verulega útgjöld ríkissjóðs á næsta ári, en sú stærðargráða er enn óþekkt. Auk þessa, sem nú hefur verið nefnt, eru óafgreidd mörg mál og erindi, sem send hafa verið.

Þá eru komnar fram kröfur aðildarsamtaka ASÍ um miklar kauphækkanir, og má búast við verulegum kauphækkunum, sem munu hafa áhrif á fjárl. og á atvinnureksturinn í landinu. Sjómannasamtökin hafa sett fram sínar kröfur um hækkun skiptaprósentu og hækkun á lágmakskaupi. Hvernig kaup- og kjarasamningar kunna að vera til lykta leiddir, skal hér ósagt látið, en eitt má fullvíst telja, að verulegar hækkanir verða á öllu kaupgjaldi og munu hafa í för með sér vaxandi tilkostnað við atvinnureksturinn.

Tvær höfuðástæður fyrir nýrri kröfugerð launastéttanna eru annars vegar algert aðgerðaleysi ríkisstj. til að koma í veg fyrir þá háskalegu verðlagsþróun, sem á sér stað í efnahagsmálum og leitt hefur til þeirrar mestu óðaverðbólgu, sem nú flæðir yfir þjóðina, hin ástæðan er gengdarlaus skattþeningarstefna, sem launþegar í landinu stynja undir. Skal nú vikið að gerðum ríkisstj. í skattamálum.

Við gerð fjárlaga haustið 1971 boðaði ríkisstj. gagngerar breytingar í skattamálum. Við, sem stöndum að þessu nál., vörudum við þeim áformum, sem ríkisstj. hafði uppi í þeim efnun. Þar sem við töldum slíkar aðgerðir í efnahagsmálum gera hvort tveggja í senn að hækka fjárl. gegnvenlega og verða á þann hátt hættulega virkur verðbólguvaldur í þjóðfélaginu, svo og mundi sú skattahækkun höggva háskalega nærri getu skattborgaranna, einum þeirra, sem minna mættu sín. Þessi illi grunur okkar hefur fullkomlega verið staðfestur síðan. Kröfur launþegasamtakanna beinast nú fyrst og fremst að því að lina skattþeningu síðustu ára fremur en að hækka launataxta, og skal engan undra það, þegar horin er saman skattgreiðsla einstaklinga og féлага árið 1971 og síðan.

Eftirfarandi yfirlit sýnir álagðan tekju- og eignarskatt árána 1971, 1972 og 1973 eftir skattumdæmum. Upphæðir eru taldar í milljónum króna.

Skattumdæmi	1971	1972	1973	% hækkun '71—'73
Reykjavík-	779	2 210	2 862	367.4
Vesturlands-	63	200	282	447.6
Vestfjarða-	50	167	252	504.0
N.-lands vestra-	28	93	131	468.0
N.-lands eystra-	122	342	449	368.0
Austfjarða-	49	149	196	400.0
Suðurlands-	57	208	273	480.0
Vestmannaeyja-	53	134	158	300.0
Reykjanes-	324	946	1 156	357.0
Samtals	1 525	4 449	5 759	377.7

Í málefнасamningi ríkisstj. eru fyrirheit gefin um, að nú skuli breytt um stefnu í skattamálum og skattabyrðin látin koma réttlátar niður, þ. e. að láta breiðu bökin bera skattana. En hverjar eru svo staðreyndir í þessum málum? Allt stefnir í sömu átt, eins og komið var hjá hinni fyrri vinstri stjórn, sem sat að völdum á árunum 1956—1958. Eftirfarandi tafla sýnir glögglega þróunina, hver hún var og er í tíð núv. stjórnarflokka, og svo hins vegar þá breytingu, sem átti sér stað með tilkomu tekjuskattslaga viðreisnarstjórnarinnar á árinu 1960:

Ár	Skattgreiðendur	Þeir, sem ekki greiða skatt
1959	61 900 eða 79.2%	16 261 eða 20.8%
1960	15 080 — 20.84%	63 620 — 79.16%
1973	57 987 — 57.5%	42 855 — 42.5%

Á þessu ári hefur kaupgreiðsluvisitalan hækkað úr 117 stigum í 149.89 stig eða um 28%. Framfærsluvisitalan hefur hækkað á sama tíma úr 176 stigum í 226 stig, eða um 28.41%. Byggingarvisitalan hefur hækkað á sama tíma úr 689 stigum í 913 stig, eða um 32.6%. Til samanburðar má geta þess, að byggingarvisitala hækkaði á 12 ára valdaferli fyrrverandi ríkisstjórnar um 403 stig, eða um 33 stig á ári að meðaltali. Síðan núv. ríkisstj. tók við, hefur byggingarvisitalan hækkað um 378 stig á 2½ ári eða um 152 stig að meðaltali á ári.

Allar aðgerðir stjórnvalda síðasta hálfra þriðja ár hafa miðað að því, að ríkið er sífellt að taka meira af þjóðarframleiðslunni í sínar þarfir, eins og meðfylgjandi tafla sýnir:

Ár	Þjóðarframleiðsla (verg) á markaðsv.	Tekjur skv. A-hluta ríkisreiknings	Hlutfall
1965	21 257 millj. kr.	3 690 millj. kr.	17.4%
1970	42 833 — —	9 800 — —	22.9%
1971	53 210 — —	13 258 — —	24.9%
1972	65 450 — —	17 837 — —	27.2%
1973	89 100 — —	áætl. 23 970 — —	ca. 27.0%

Þrátt fyrir það, að afurðaverð á flestóllum útflutningsvörum okkar hefur verið hagstæðara en nokkurn gat grunað, hafa erlendar lántökur aukist stórlega. Gengdarlausar fjárfestingar hafa átt sér stað, sem hafa leitt til kapphlaups um vinnuaflið og ýtt undir og magnað óðaverðbólguna, sem nú tröllriður íslensku efnahagslífi.

Hinar stórfelldu erlendu lántökur valda öllum hugsandi mönnum áhyggjum, og er nauðsynlegt að hugleiða í alvöru þá alvarlegu þróun, sem þar á sér stað. Þannig hafa erlend lán til langs tíma hækkað:

Ár	1965	1966	1967	1968	1969	1970	1971	1972	1973
millj. kr. ..	3 926	4 520	6 576	11 467	11 726	11 095	14 445	17 246	ca. 20 670

(gengið 1965—1966 1 dollar 42.95 kr. 1967 56.93. 1968—1971 87.90. 1972 87.12. 1973 84.00).

Afborganir og vextir af erlendum lánnum eru í millj. kr.:

Ár	1970	1971	1972	1973	1974
Afborganir	1645.1	1445	1965.9	2005	ca. 2797 millj. kr.
Vextir	731.8	793.8	986.9	1427	— 1710 — —

Samkvæmt þessu hafa árlegar afborganir og vextir erlendra lána hækkað frá árinu 1970 úr 2 376.9 millj. kr. í 4 568 millj. kr., sem áætlað er að verði á næsta ári.

Framlög á fjárlagafrv. fyrir árið 1974 til verklegra framkvæmda hækka verulega að krónutölu, en mikið þarf í þessu dýrtíðarflóði til að halda framkvæmda-mætti óskertum. Einn stærsti liðurinn til verklegra framkvæmda er stofnkostnaður

skyldunámsskólanna, sem sýnir, hvað framlög hafa breyst frá árinu 1970 til þessa fjárlagafrv., sem hér liggur fyrir. Þessi breyting hefur orðið þannig:

	1970	1971	1972	1973	1974
	206 860	288 071	394 660	477 478	658 406 þús. kr.
Hlutfallsl. hækkun		39%	37%	20%	37% — —

Það er eftirtektarvert, að á sama tíma og byggingarvísitala hækkar, miðað við 1. nóvember hvers árs, frá árinu 1970 til 1971 um 2.1%, á árinu 1972 hækkar hún um 28.7% og á árinu 1973 um 32.6%. Þrátt fyrir það, að byggingarvísitala hækkar ekki nema um 2.1% á síðasta ári fyrrv. ríkisstjórnar, hækka framlög til þessara þátta skólabygginga um 39% eða hlutfallslega meira á því eina ári en á valdatíma núverandi ríkisstj. þrátt fyrir þá gifurlegu hækkun, sem orðið hefur á byggingarvísitölunni.

Hér hefur áður verið vakin athygli á því, hversu stórkostleg hækkun hefur orðið á fjárl. í heild í tíð núv. ríkisstj. Sýnt hefur verið fram á, að sú hækkun stafar í stórum mæli af ört vaxandi ríkisbákni og ríkisafskiptum, en hefur ekki að sama skapi orðið vegna verklegra framkvæmda, enda hafa þær í heild ekki aukist að magni til. Þá hefur í þessu nál. verið leitt í ljós, að skattheimtustefna ríkisstj. hefur verið þannig í framkvæmd, að allur almenningur stynur undan og undrast, og þá ekki síst þeir, sem byggja þau hérud, sem erfiðasta baráttu heyja vandræði búsetuskilyrði fólksins, félagsleg réttindi þess og afkomuöryggi. Þetta er illa farið, og er stefnt í ófni, ef svo heldur fram.

Við leggjum því á það þunga áherslu, að algerlega verði breytt um stefnu í efnahagsmálum. Sköttum verður að stilla í hóf. Ríkisstjórn og Alþingi verða að gera sér grein fyrir því, hversu stóran skatt er hollt og nauðsynlegt að taka til sameiginlegra þarfa þegnanna, og áætlanir síðan gerðar um skiptingu þeirrar upphæðar milli efnisþátta fjárlaganna. Að því loknu getur fjárveitinganefnd með ábyrgum hætti gengið frá endanlegum tillögum um ráðstöfun ríkisfjár til hinna ýmsu staða á landinu.

Sú ríkisstj., sem nú situr hér að völdum og taldi landsmönnum trú um, að hún mundi taka upp áætlanagerð um alla þætti ríkisbúskaparins, hefur gengið á svig við þau heit og horfið frá því að fela Framkvæmdastofnun ríkisins heildaráætlanir og röðun framkvæmda, en leyft liðsmönnum sínum að hitast um fjármagnið til einstakra framkvæmda og til vissra staða og gengið að því búnu í það að telja saman bitana. Þá kemur í ljós, að niðurstöðutölur fjárl. hafa hækkað meir en áætlað var. Þá eru góð ráð dýr og ekki önnur fyrir hendi en að teygja tekjudálkinn og leggja hærri álögur í formi skatta á þjóðina.

Stefnunni verður að breyta og starfsaðferðum við fjárlagagerð, til þess að Alþingi tapi ekki tókum á fjármálum ríkisins og stjórnun þess.

Með vísun til þeirra athugasemda, sem hér hafa verið gerðar, teljum við, að þessar breytingar séu meðal hinna mikilvægustu, sem gera þarf:

Dregið verði stórlega úr ríkisafskiptum og miðstjórnarvaldi ríkisins verði settar skorður, m. a. með því að skipa verkefnum, sem það hefur nú, á nýjan hátt þannig, að verkvið sveitarfélaganna verði aukið verulega frá því, sem nú er, og valdsvið ríkisins fært saman að sama skapi.

Sú valddreifing mundi strax koma fram í lækkandi kostnaði við opinberar framkvæmdir byggðarlaganna og verða um leið raunhæfasta leiðin að framkvæma þá byggðastefnu, sem tekur mið af getu almennings og nánustu vandamálum borgaranna. Fyrir gerð fjárl. teljum við að nauðsynlegt sé að hverfa meira að áætlunum til lengri tíma, bæði um verklegar framkvæmdir ríkisins og fjárlagaáætlanir.

Á þskj. 204 flytur fjvn. brtt. sameiginlega, sem leiða til nokkurrar hækkunar fjárl., eins og áður greinir. Þótt við undirritaðir berum ekki ábyrgð á þeim till. sem gerðar eru um heildarfjárhæðir einstakra þátta, svo sem til hafna, sjúkrahúsa ríkisins, sveitarfélaga og einstaklinga, menntaskóla og hvers konar annarra skóla-

mannvirkja, fyrirhleðslna, svo og til hinna ýmsu ríkisfyrirtækja, þar sem þær virðast hafa ákvarðast í meginráttum án tillits til þess, að um fasta fjármagns-áætlun hafi verið að ræða, þá höfum við staðið að skiptingu þess fjármagns. Sama má segja um aðrar brtt., sem n. flytur á greindu þskj., að um nokkrar þeirra var full samstaða. Þó teljum við, að skipulegri vinnubrögð hefði þurft að viðhafa við afgreiðslu hinna ýmsu erinda, sem til n. bárust, til þess að viðhlitandi samræmis gætti um afgreiðslu þeirra. Því höfum við undirritaðir nm. áskilið okkur rétt til að hafa óbundnar hendur um afstöðu til hinna einstöku tillagna.

Svo sem bent hefur verið á í þessu nál., þá teljum við það óhæfa starfsaðstöðu fyrir fjvn. að ætla henni að fjalla um útgjaldabeiðnir, sem skipta hundruðum millj., þegar ekki bólar á neinum viðunandi till. stjórnvalda um tekjuöflunarleiðir.

Við munum því ekki flytja frekari brtt. við þessa umr.

Hér að framan höfum við sýnt fram á, að ríkisfjármálin verður að taka allt öðrum og fastari tókum en gert hefur verið á valdatíma þessarar ríkisstjórnar, svo að með ábyrgum hætti verði lokið gerð fjárl. fyrir næsta ár. Efnahagsmálin horfa þannig við, að hinn almenni borgari er uggandi um sinn hag og öryggi hans er teft í tvísýnu. Það leiðir af stjórn ríkisfjármálanna, sem er laus og fálmandi, að ekki er hægt að taka með ábyrgum hætti afstöðu til þess, hversu langt megi ganga í fjárveitingum án þess að ofbjóða getu almennings með skattaálögum.

Alþingi, 11. des. 1973.

Matthías Bjarnason, Jón Árnason. Steinþór Gestsson.
frsm.